

**Bryndís Garðarsdóttir
Sigurlaug Einarsdóttir**

Mat á starfi leikskólans Klettaborgar í Borgarnesi

Skýrsla unnin fyrir menntamálaráðuneytið

**RANNSÓKNARSTOFNUN
KENNARAHÁSKÓLA ÍSLANDS**

Mars 2005

© Bryndís Garðarsdóttir og Sigurlaug Einarsdóttir

Mat á starfi leikskólans Klettaborgar í Borgarnesi

Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands

ISBN 9979-847-84-0

Ágrip

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir mati á starfi leikskólans Klettaborgar í Borgarnesi. Matið tók mið af þeim þáttum sem tilgreindir voru í verksamningi milli Rannsóknarstofnunar KHÍ og menntamálaráðuneytis í desember 2004. Á grundvelli hans var kannað hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga, reglugerðar og aðalnámskrá leikskóla.

Af niðurstöðum matsins má ráða að mjög vel er staðið að mörgum þáttum í starfi og stjórnun leikskólans. Þar ríkir góður starfsandi og starfsmenn hafa náð að byggja upp jákvæð samskipti sín á milli, milli barnanna og við börn og foreldra. Þá eru foreldrar mjög ánægðir með það starf sem fram fer í leikskólanum. Meginkostir leikskólans felast í stjórnun hans, öflugri skráningu og upplýsingamiðlun ásamt markvissu uppeldis- og menntastarfi. Helstu veikleikar eru lágt hlutfall fagmenntaðs fólks, húsnæði og lóð yngstu deildarinnar að Mávakletti og aðstaða starfsmanna þar.

Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir mati á starfi leikskólans Klettaborgar í Borgarnesi. Matið var unnið á vegum Rannsóknarstofnunar KHÍ fyrir menntamálaráðuneytið. Höfundar skýrslunnar eru Bryndís Garðarsdóttir, lektor við Kennaraháskóla Íslands og Sigurlaug Einarsdóttir, ráðgjafi. Faglega ráðgjöf veitti Kristín Hildur Ólafsdóttir, lektor og er henni þakkað fyrir góð ráð og ábendingar. María Anna Þorsteinsdóttir las lokahandrit. Stjórnendum leikskólans og fulltrúum foreldra var gefin kostur á að gera athugasemdir við lokadrög skýrslunnar.

Skýrsluhöfundar þakka starfsmönnum og foreldrum barna í Klettaborg fyrir ánægjulegt samstarf á meðan á matinu stóð. Sérstakar þakkir fá leikskólastjóri og aðstoðar-leikskólastjórar fyrir góðar móttökur og aðstoð við gagnaöflun.

Reykjavík í mars 2005.

Bryndís Garðarsdóttir og Sigurlaug Einarsdóttir

Efnisyfirlit

Ágrip	2
Formáli	4
Efnisyfirlit	5
Inngangur	6
Gagnaöflun.....	6
Aðstaða og búnaður	7
Húsnæði, búnaður og kennslugögn	7
Aðstaða í eldhúsi.....	9
Umhverfi leikskólans og útileiksvæði	10
Samantekt og mat	11
Stjórnun, rekstur og starfsmannahald	11
Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun	11
Verkaskipting stjórnenda og starfsfólks	12
Fundir og boðskipti.....	12
Starfsmannahandbók.....	13
Samantekt og mat	13
Uppeldis- og menntastarfið	14
Fjöldi barna, skipting á deildir og viðvera.....	14
Skólanámskrá.....	15
Dagskipulag	15
Daglegt líf.....	17
Námssvið og námsþættir.....	18
Sérþarfir barna.....	19
Mat á leikskólastarfinu	19
Samantekt og mat	20
Samskipti, samstarf og starfsandi	21
Samskipti milli starfsmanna.....	21
Samskipti barna og starfsmanna	21
Samskipti barna.....	21
Samstarf og samskipti við umhverfi skólans	22
Samstarf við foreldra.....	22
Viðhorf foreldra.....	23
Aðrir samstarfsaðilar.....	24
Samantekt og mat	24
Framtíðarsýn	25
Samantekt	25
Heimildaskrá	27
Fylgiskjal	28

Inngangur

Leikskólinn Klettaborg í Borgarnesi hefur aðsetur á tveimur stöðum, að Borgarbraut 101 og Mávakletti 14. Leikskólinn tók til starfa 1978 og var upphaflega tveggja deilda tvísetinn leikskóli. Árið 1991 var þriðja deildin byggð við leikskólann og í desember 2004 var ný viðbygging sem rúmar eldhús, starfsmannaáðstöðu, sal og listasmiðju tekin í notkun. Árið 2001 var fjórða deild leikskólans opnuð að Mávakletti 14 og var hún hugsuð sem bráðabirgðalausn. Leikskólinn er því fjögurra deilda í dag og skiptist þannig að þrjár deildir, Ólátagarður, Sjónarhóll og Kattholt, eru ætlaðar fyrir þriggja til sex ára börn. Deildin Mávaklettur, sem segja má að sé útibú frá Klettaborg, er ætluð fyrir tveggja til fjögurra ára börn. Rekstraráðili leikskólans er Borgarbyggð og samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994 fer fræðslunefnd Borgarbyggðar með málefni leikskólans í umboði bæjarstjórnar.

Heildarstöðugildi í leikskólanum eru 25,36. Stöðugildi vegna stjórnunar er 1,83. Leikskólastjóri er í fullu starfi og tveir aðstoðarleikskólastjórar eru í 0,75 stöðuhlutfalli hvor um sig, annar á Klettaborg og hinn á Mávakletti. Grunnstöðugildi á deildum eru 15,25 og vegna afleysinga og undirbúningstíma 2,62. Stöðugildi vegna sérkennslu eru 3,38 og stöðugildi í eldhúsi eru 2,28. Megináherslur í starfi leikskólans tengjast *samskiptum, skapandi starfi og tákni með tali*. Leikskólastjóri Klettaborgar er Steinunn Baldursdóttir og aðstoðarleikskólastjórar eru Ragnhildur Á. Hallgrímsdóttir og Kristín Anna Stefánsdóttir. Leikskólinn er opinn frá 07:45 – 17:15.

Í samningi sem gerður var við skýrsluhöfunda í desember 2004, kemur fram að matinu sé ætlað að leiða í ljós hvort starfsemi leikskólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðar og aðalnámskrá leikskóla. Meðal atriða sem matið skyldi beinast að eru stjórnun og rekstur, samskipti og samstarf, sérfræðiþjónusta, aðstaða og búnaður og innra starf leikskólans.

Gagnaöflun

Gagna vegna matsins var aflað með viðtölum við einstaklinga og fámenna hópa, vettvangsathugunum og greiningu skráðra gagna. Fundir voru haldnir með leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjórum, sérkennslustjóra, deildarstjórum, leiðbeinendum, fulltrúum foreldra og starfsmönnum eldhúss. Þátttakendur á fundunum voru alls þrjátíu og fjórir og stóð hver fundur í um eina klukkustund. Í viðtölunum var stuðst við viðtalsramma sem tók

mið af þeim þáttum sem mat menntamálaráðuneytisins beindist að (sjá fylgiskjal). Samhliða viðtölum fóru fram vettvangsathuganir. Skráð gögn sem stuðst var við voru skólanámskrá, starfsmannahandbók, starfsáætlun næsta árs, niðurstöður innra mats, fréttabréf ætlað foreldrum, niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal starfsmanna og foreldra, áherslur í foreldraviðtölum og dagskipulag deilda.

Aðstaða og búnaður

Skýrsluhöfundar skoðuðu húsnæði og umhverfi leikskólans Klettaborgar í heimsóknum sínum á vettvangi. Eftirfarandi lýsing er afrakstur vettvangsathugana og viðtala við starfsmenn og foreldra.

Húsnæði, búnaður og kennslugögn

Í reglugerð um leikskóla (nr. 365/2001) er kveðið á um að húsaskipan skuli miðast við að mögulegt sé að starfa í samræmi við námssvið í aðalnámskrá leikskóla. Þær viðmiðanir sem skýrsluhöfundar lögðu til grundvallar voru hvort aðstaða og búnaður væri samkvæmt reglugerð um leikskóla (nr. 225/1995, 365/2001) og áherslum í aðalnámskrá leikskóla. Þar segir m.a.: „Skipulag og búnaður leikskóla á að örva leik barna, frumkvæði þeirra og virkni. Börn þurfa vandaðan og fjölbreytilegan leikfangakost og margvíslegan efnivið til skapandi starfa“ (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:12-13).

Leikskólinn Klettaborg er fjögurra deilda þar sem þrjár deildir eru starfræktar að *Borgarbraut* og ein að *Mávakletti*. Í húsnæði leikskólans að Borgarbraut hefur hver deild til umráða tvær rúmgóðar leikstofur, heimastofu og minni leikstofu inn af henni, ásamt geymslu, salerni og fataherbergi. Deildirnar að Borgarbraut eru nefndar Sjónarhóll, Ólátagarður og Kattholt. Á öllum deildum eru borð og stólar, tveir sófar og hillur þar sem hvert barn hefur sína skúffu fyrir persónulega muni. Leikefni sem er í boði í leikstofum eru ýmsar tegundir kubba, púsluspil, perlur, dýr, leir o.fl. Börnin hafa hingað til ekki haft aðgang að tölum þar sem starfsmenn hafa ekki sett það í forgang m.a. vegna skorts á fjármagni og þrengsla í leikskólanum. Á öllum deildum hafa börnin gott aðgengi að bókum. Á Ólátagarði og Kattholti eru lág borð og stólar eða í hæð barnanna, en á Sjónarhóli eru há borð og stólar, í hæð fullorðinna.

Mávaklettur er einbýlishús sem hefur verið breytt í leikskóla og er staðsett nokkuð frá Borgarbraut. Þar er yngsta deild leikskólans til húsa. Húsnæði Mávakletts skiptist í eina stóra leikstofu, þrjár minni leikstofur, fataherbergi, snyrtingu, skrifstofu, þvottahús, matvælagæymslu og eldhús sem jafnframt er kaffistofa starfsmanna. Í aðalstofu yngri barnanna eru borð og stólar í hæð barnanna, sófi og hillur fyrir bækur og annan efnivið. Leikefni barnanna er m.a. ýmiss konar kubbar, púðar, bílar, dúkkur, púsluspil, leir og litir. Í aðalstofunni eru börnin mest í kubbum, spilum og skapandi starfi. Í minni leikstofunum er aðstaða fyrir leiki sem þarfnast meira rýmis og hreyfingar, sem dæmi má nefna leik með púða og bíla, ásamt hlutverkaleik. Minni leikstofurnar eru jafnframt nýttar sem hvíldarherbergi.

Að Borgarbraut er sameiginlegt miðrými sem tekið var í notkun í desember 2004. Í meginhluta miðrýmisins eru listasmiðja og hreyfisalur sem deildirnar nýta sameiginlega, eldhús, matvælagæymsla, þvottahús, setustofa starfsmanna, snyrting og herbergi ætlað fyrir sérkennslu og sérkennslugögn. Skrifstofa leikskólastjóra ásamt viðtals- og vinnuherbergi starfsmanna eru í eldri byggingu. Grunnflatarmál leikskólans að Borgarbraut er 485 m². Heildarrými á hvert barn er 7,35 m² fyrri hluta dags þegar börnin eru flest en meira síðdegis þegar börnunum fækkar. Leik- og kennslurými er 206,3 m² eða 3,2 m² fyrir hvert barn þegar þau eru flest. Heildarrými fyrir hvert barn er því rétt yfir þeim viðmiðunarmörkum (6,5 m²/3,0 m²) sem kveðið er á um í reglugerð nr. 365/2001 um breytingu á reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995. Lóð leikskólans er 5,564 m² og rými fyrir hvert barn því 84 m² sem er yfir þeim viðmiðunarmörkum (30 – 40 m²) sem kveðið er á um í reglugerð um starfsemi leikskóla. Grunnflatarmál húsnæðisins að Mávakletti er 147,5 m². Heildarrými á hvert barn er 6,4 m² fyrri hluta dags þegar börnin eru flest en meira síðdegis þegar þeim fækkar. Leik- og kennslurými er 78 m² eða um 3,39 m² fyrir hvert barn þegar þau eru flest. Rými fyrir hvert barn er því í samræmi við eða innan við þau viðmiðunarmörk (6,5 m²/3,0 m²) sem kveðið er á um í reglugerð nr. 365/2001 um breytingu á reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995. Útileiksvæðið að Mávakletti er 840 m² og rými fyrir hvert barn því 36 m² sem er innan við eða í samræmi við þau lágmarksviðmið (30 – 40 m²) sem getið er um í reglugerð um starfsemi leikskóla.

Starfsmenn lýsa ánægju með húsnæði leikskólans að Borgarbraut. Það sé bjart og nokkuð rúmgott, nýlega sé búið að skipta um dúka, endurnýja ýmsa hluti og taka aðra út.

Starfsmenn telja að miðrýmið sé mikil bót og er þá eldhús og starfsmannaðstaða nefnt sérstaklega. Ekki er komin mikil reynsla á notkun hreyfisalar og listasmiðju, en starfsmenn telja að það muni verða til mikilla bóta fyrir leikskólastarfið. Almennt telja starfsmenn að húsnæði Mávakletts sé óheppilegt til leikskólastarfsemi þar sem erfitt sé að hafa yfirsýn og húsnæðið sé að mörgu leyti lélegt, svo sem fataherbergi og starfsmannaðstaða. Fram kemur að í úttekt Vinnueftirlitsins voru gerðar ákveðnar athugasemdir við húsnæðið og þá sérstaklega við starfsmannaðstöðu. Húsnæðið er einkum ætlað fyrir aldurshópin tveggja til þriggja ára og hentar alls ekki eldri börnum, að mati starfsmanna. Nú er svo komið að mörg börn eru á fjórða ári og hafa þörf fyrir ögrandi umhverfi og rými sem býður upp á meiri hreyfingu, bæði úti og inni. Fram kemur að ákveðnir kostir fylgi því þó líka að vera að Mávakletti svo sem að þar sé umhverfið líkara heimili og því sé ekki eins stórt stökk fyrir börnin að byrja í leikskóla.

Foreldrar eru ánægðir með húsnæði leikskólans að Borgarbraut og finnst að starfsmenn nýti húsnæðið mjög vel en telja þó að rými fyrir hvert barn mætti vera meira. Fram kemur ánægja með þá viðbyggingu sem nýlega var tekin í notkun og að hún sé tvímælalaust til bóta fyrir leikskólastarfið. Þá taka foreldrar undir sjónarmið starfsmanna varðandi aðstöðuna að Mávakletti og finnst að byggja hefði átt fjórðu deildina við leikskólann að Borgarbraut og leggja niður starfsemi í Mávakletti. Foreldrar telja mjög óheppilegt að reka leikskólann á tveimur stöðum og nefna í því sambandi vegalengd á milli staða og að opnað sé á sama tíma. Dæmi eru um að foreldrar séu með börn bæði að Mávakletti og Borgarbraut og því knappur tími sem sumir hafa til að koma með börnin á morgnana.

Mikil óánægja kemur fram bæði hjá foreldrum og starfsmönnum vegna aðstöðu í fataherbergi á Mávakletti. Þar sé þröngt, of fá hólfi og engin þurrkaðstaða fyrir blautan fatnað. Bæði starfsmenn og foreldrar eru ánægðir með leikefni og búnað leikskólans og fram kemur að endurbætur húsnæðis hafi leitt af sér ákveðna endurskoðun varðandi leikefni og skipulag húsnæðis. Nokkrir starfsmenn nefna að fylgjast þurfi með því að elstu börnin á Mávakletti fái nægilega ögrandi viðfangsefni þar sem aldurs- og þroskamunur barnanna sé mikill.

Aðstaða í eldhúsi

Eldhúsið er í nýbyggingu í miðju leikskólans. Vinnuaðstaða í eldhúsi er góð að mati starfsmanna og mikil bylting frá því sem var fyrir breytingu. Vinnuaðstöðu í eldhúsi telja

starfsmenn góða, helst megi setja út á þrönga aðstöðu við uppþvottavél. Annars sé eldhúsið í góðum tengslum við deildir leikskólans og gott aðgengi að matvælageymslu, þvottahúsi og setustofu starfsmanna. Tveir starfsmenn starfa í eldhúsinu að Borgarbraut ásamt því að sjá um þvotta. Í Mávakletti er eldhúsið líkt og venjulegt heimiliseldhús með borðkrók sem er setustofa starfsmanna. Að Borgarbraut er matreitt fyrir 56 börn og 19 fullorðna. Að Mávakletti sér einn starfsmaður um að matreiða fyrir 20 börn og 8 fullorðna ásamt því að sjá um þvotta.

Umhverfi leikskólans og útileiksvæði

Í viðtölum við starfsmenn leikskólans kemur fram að umhverfi og staðsetning leikskólans hafi bæði kosti og galla. Eldri deildirnar þrjár eru að Borgarbraut í útjaðri bæjarins beint fyrir neðan Þjóðveg 1, þar sem er mikil umferð. Yngsta deildin, Mávaklettur, er aftur á móti í grónu íbúðarhverfi hinum megin við þjóðveginn og í nokkurri fjarlægð frá Borgarbraut. Nefnt er að helstu kostir við staðsetningu Klettaborgar séu að þar sé stutt í ósnortna náttúru og möguleikar til vettvangsferða og náttúruskoðana því nokkrir. Vettvangsstaðir í nálægð við Borgarbraut eru Vigdísarlundur sem er trjálundur skammt frá leikskólanum, Sandvík og Granastaðir þar sem börnin hafa m.a. tækifæri til að fara í fjöru. Ókostir við staðsetningu leikskólans eru nálægð við þjóðveginn og fjarlægð frá kjarna bæjarins og um leið þær stofnanir sem leikskólinn hefur samstarf við, svo sem grunnskólann. Helstu kostir við staðsetningu Mávakletts að mati starfsmanna er að vera inni í miðju íbúðahverfi en þó í nálægð við fjöru og ósnortna náttúru. Helsti ókosturinn er fjarlægðin á milli Mávakletts og Borgarbrautar, til dæmis þegar verið er að aðlaga börn yfir á eldri deildir. Starfsmenn telja útileiksvæðið að Borgarbraut gott og að leiktæki og búnaður sé við hæfi barnanna en þó vanti trjágróður á lóðina. Hjá foreldrum kemur fram að aðkoma að leikskólanum sé slæm, bílastæðið sé ófrágengið, illa upplýst og að þar skapist oft hætta þegar verið sé að koma með og sækja börnin. Einnig nefna þeir að inngangar á deildir séu óvarðir fyrir veðri og vindum. Bæði starfsmenn og foreldrar telja aðkomu og lóð Mávakletts ófullnægjandi. Nefnt er að lóðin sé lítil og eingöngu sniðin að þörfum yngstu barnanna og feli því ekki í sér neina áskorun fyrir þau eldri. Þá telja foreldrar að það skapist ákveðin hætta vegna þess að frárennsli sé ekki nægilega gott, sérstaklega á þetta við á veturna.

Samantekt og mat

Skýrsluhöfundar taka undir það að húsnæði leikskólans að Borgarbraut er bjart og rúmgott. Staðsetning fataherbergja fyrir framan hverja deild gefur möguleika á meira leikrými og auknum samskiptum við foreldra. Heimastofur eldri barnanna eru rúmar og vel útbúnar hvað varðar húsgögn og leikefni og skipulag býður upp á að börnin skipti sér í minni hópa. Veggir eru skreyttir með myndverkum barnanna og í hæð þeirra. Leikefni barnanna er að mestu staðsett þannig að þau hafa möguleika til að nálgast það sjálf. Á þetta bæði við um Mávaklett og Borgarbraut.

Húsnæði Mávakletts getur að mati skýrsluhöfunda ekki talist heppilegt undir leikskólastarf. Aðalstofan er rúmgóð en önnur rými eru þannig staðsett að erfitt er hafa yfirsýn. Þá getur fataherbergi engan veginn talist fullnægjandi. Þar er þröngt um starfsfólk og börn, hitastig óstöðugt og engin aðstaða til að þurrka blautan fatnað. Setustofa starfsmanna er í borðkrók í eldhúsi þar sem einnig fer fram matreiðsla fyrir börn og starfsmenn. Aðstaða starfsfólks að Mávakletti samræmist því ekki reglugerð nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Vinnueftirlitið á Vesturlandi gerði athugasemdir við þessa þætti í úttekt 7. júlí 2003 en ekkert hefur þó verið aðhafst af hálfu rekstraraðila. Lóð leikskólans að Mávakletti er fremur lítil og getur eingöngu talist uppfylla þarfir yngstu barnanna, að þriggja ára aldri. Lóð leikskólans að Borgarbraut er stór og vel útbúin leiktækjum. Tekið er undir með bæði foreldrum og starfsmönnum að aðkoma að leikskólanum, svo sem bílastæði, er léleg.

Stjórnun, rekstur og starfsmannahald

Í viðtölum við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra, deildarstjóra og leiðbeinendur var leitað eftir upplýsingum um fjölda og menntun starfsmanna, fundi, boðskipti og verkaskiptingu. Hér á eftir verður vikið að helstu atriðum sem fram komu í þessum viðtölum svo og í þeim skriflegu gögnum sem skýrsluhöfundar höfðu aðgang að.

Fjöldi starfsmanna, stöðugildi og menntun

Heildarstöðugildi í leikskólanum eru um tuttugu og fimm og þeim gegna tuttugu og átta starfsmenn. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar eru með leikskólakennaramenntun. Annar aðstoðarleikskólastjórinn hefur umsjón með sérkennslu í leikskólanum. Einn leikskólakennari gegnir stöðu verkefnastjóra, einn leiðbeinandi og tveir leiðbeinendur sem

gegna deildarstjórastöðu eru í leikskólakennaranámi. Fram kemur að einn leikskólakennari og tveir leiðbeinendur, sem jafnframt eru í leikskólakennaranámi, eru í barnseignarleyfi og væntanlegir til starfa í byrjun árs. Leiðbeinendur hafa flestir nokkra reynslu af leikskólastarfi eða öðru uppeldisstarfi og um helmingur þeirra hefur lokið námskeiðum í tengslum við starfsvettvanginn. Einn leiðbeinandi hefur lokið námi í uppeldis- og menntunarfræði. Annar matráðurinn hefur lokið húsmæðraskóla og báðar hafa þær lokið námskeiði fyrir starfsmenn í mótuneytum.

Verkaskipting stjórnenda og starfsfólks

Í starfslýsingum leikskólakennara segir m.a. um hlutverk leikskólastjóra að hann sé faglegur leiðtogi og að meginverkefni hans sé að stjórna daglegri starfsemi leikskólans, gerð námskrár, ársáætlunar, ársskýrslu og mati á starfsemi leikskólans. Einnig að sjá um miðlun upplýsinga til deildarstjóra, að deila verkefnum og ábyrgð til starfsmanna og gera símenntunaráætlun (Starfslýsingar leikskólakennara, 2002).

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar mynda stjórnunarteymi og leggja áherslu á upplýsingastreymi í formi funda og skráningar. Í viðtali við leikskólastjóra kemur fram að hann telur mikilvægt og leggur áherslu á að starfsmenn beri ákveðna ábyrgð og hafi áhrif á leikskólastarfið. Dæmi um þetta eru deildarstjórafundir þar sem allir starfsmenn hafa möguleika á að hafa áhrif á hvað tekið er fyrir en bera jafnframt ábyrgð á að kynna sér umræðu og ákvarðanir sem þar hafa verið teknar. Ekki er um skýra verkaskiptingu að ræða milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra en málin rædd jafnóðum og þau koma upp. Annar aðstoðarleikskólastjórinn er jafnframt deildarstjóri á Mávakletti og heldur utan um starfið þar ásamt því að sjá um samskipti og upplýsingamiðlun á milli Borgarbrautar og Mávakletts. Hinn aðstoðarleikskólastjórinn hefur ásamt því að sinna stjórnun umsjón með sérkennslumálum í leikskólanum. Þá hefur leikskólastjóri umsjón með biðlista í leikskólann. Það felur í sér að taka við umsóknum, halda utan um biðlista og úthluta leikskólaplássum. Starf verkefnastjóra er í mótun en er að nokkru leyti hugsað sem faglegur stuðningur við deildir vegna tímabundins skorts á leikskólakennurum.

Fundir og boðskipti

Fram kemur að stuttir fundir eru haldnir alla morgna þar sem farið er yfir stöðu mála, svo sem veikindi starfsmanna og verkefni dagsins. Upplýsingar um það sem fram kemur á þessum fundum er skráð í dagbók deilda og hver og einn starfsmaður ber ábyrgð á að

kynna sér þær upplýsingar sem þar koma fram. Deildarstjórafundir eru haldnir hálfsmánaðarlega þar sem m.a. eru teknar ákvarðanir um starfsemi leikskólans, starfsmannahald og fleira. Dagskrá þessara funda er dreift einum til tveimur dögum fyrir fund þannig að starfsmenn geti komið með ábendingar og athugasemdir um það sem taka á fyrir. Deildarstjórafundir eru skráðir í þar til gerða bók og fundargerð dreift inn á allar deildir. Einu sinni í mánuði eru haldnir starfsmannafundir þar sem farið er yfir skipulag, einstakar áherslur í leikskólastarfinu ræddar og ákvarðanir teknar, ásamt því að haldin eru fræðsluerindi. Í tengslum við starfsmannafundi eru haldnir deildarfundir þar sem áherslur hverrar deildar eru ræddar og útfærðar frekar undir stjórn deildarstjóra. Leikskólastjóri tekur starfsmannaviðtöl einu sinni á ári þar sem markmiðið er að starfsmenn fái tækifæri til að meta eigin frammistöðu og líðan í starfi ásamt því að koma með óskir um símenntun.

Starfsmannahandbók

Í starfsmannahandbók eru ýmis gögn sem tengjast starfinu, svo sem skólanámskrá, starfslýsingar, móttaka nýrra foreldra, kynning á foreldrafélagi leikskólans og brunaáætlun. Þar er einnig gerð grein fyrir áherslum og vinnubrögðum í ákveðnum þáttum leikskólastarfsins, eins og matmálstímum, vinnustundum og vali. Einnig er fjallað um starf elstu barnanna, tengsl leik- og grunnskóla, starfslýsingar og ýmsar reglur sem gilda í leikskólanum. Í starfsmannahandbók eru sýnishorn af þeim eyðublöðum/gátlistum sem notuð eru til viðhorfskannana á meðal starfsmanna og foreldra.

Samantekt og mat

Starfsmenn lýsa almennri ánægju með stjórnun og upplýsingastreymi innan leikskólans. Skipulag funda, skráðar upplýsingar um skipulag og starfshætti, ásamt reglulegri umræðu um áherslur í starfi sé í mjög góðum farvegi. Fram kemur, bæði hjá leikskólakennurum og leiðbeinendum, að kröfur og væntingar til þeirra sem starfsmanna séu mjög skýrar af hálfu stjórnenda og að mikið sé lagt upp úr gagnkvæmri virðingu, tillitssemi, samvinnu og sveigjanleika. Sem dæmi er nefnt að á morgunfundum er farið yfir hvernig staðan er varðandi fjarvistir og veikindi. Í framhaldi af því er ákveðið í sameiningu hvernig leysa eigi málin og hvaða starfsmenn leysi af hvar. Einnig eru regluleg starfsmannaskipti á milli Mávakletts og Borgarbrautar þar sem markmiðið er að koma í veg fyrir að yngsta deildin einangrist. Fram kemur að það er mjög ljóst af hálfu starfsmanna að þeir bera sameiginlega ábyrgð á því að leikskólastarfið gangi samkvæmt áætlun. Greinilegt er að

leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar mynda gott stjórnunarteymi þar sem áhersla er á skráningu og öflugt upplýsingastreymi. Fram kemur að skipulag og stjórnunarhættir miðast við það að leikskólinn starfi sem ein heild þar sem allir hafi eitthvað til málanna að leggja, óháð stöðu og menntun. Stjórnendur leggja mikla vinnu í að ræða og skrá áherslur og starfshætti í þeim tilgangi að gera starfið markvissara og merkingarbærara fyrir starfsmenn. Í máli stjórnenda kemur fram að þeir eru ánægðir með starfsmannahópinn, telja starfsmenn samviskusama og hafi mikinn áhuga á að þróa leikskólastarfið. Í viðtölum við starfsmenn kemur vel fram virðing þeirra gagnvart leikskólastjóra, þeim finnst rödd þeirra heyrast og að þeim sé treyst til verka. Að mati skýrsluhöfunda þarf þó að koma á skýrari verkaskiptingu á milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og tekið er undir það sjónarmið leikskólastjóra að ekki sé æskilegt að sami aðili gegni stöðu aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra (sjá bls. 24). Þá er það mat skýrsluhöfunda að leikskólastjóri eigi ekki að hafa umsjón með biðlista í leikskólann en samkvæmt starfslýsingum Félags leikskólakennara er þessi þáttur á ábyrgð leikskólafulltrúa (Starfslýsingar leikskólakennara, 2002).

Uppeldis- og menntastarfið

Upplýsinga um uppeldis- og menntastarfið í leikskólanum Klettaborg var aflað með viðtölum, skoðun skráðra gagna og vettvangsathugunum.

Fjöldi barna, skipting á deildir og viðvera

Heildarfjöldi barna í leikskólanum miðað við 1. desember 2004 er 103 börn. Barngildi í leikskólanum eru samtals 117. Leikskólinn er tvísetinn og þar dvelja nú 85 börn f.h. og 69 e.h. Dvalartími er sveigjanlegur og er frá fjórum tímum og upp í níu tíma daglega. 52 börn eru í heilsdagsdvöl og 51 í hálfsdagsdvöl, 34 f.h. og 17 e.h. Börnin skiptast á fjórar deildir með eftirfarandi hætti:

- Mávaklettur er ætluð börnum frá tveggja til fjögurra ára.
 - Á Mávakletti eru 28 börn yfir daginn, 16 drengir og 12 stúlkur.
- Ólátagarður, Sjónarhóll og Kattholt eru ætlaðar börnum frá þriggja til sex ára.
 - Á Ólátagarði eru 23 börn yfir daginn, 10 drengir og 13 stúlkur.
 - Á Sjónarhóli eru 26 börn yfir daginn, 18 drengir og 8 stúlkur.
 - Á Kattholti eru 26 börn yfir daginn, 12 drengir og 14 stúlkur.

Skólanámskrá

Í aðalnámskrá leikskóla segir að leikskólastjóri beri ábyrgð á heildarstefnu skólanámskrár í samræmi við lög og reglur. Til að ná sem bestum árangri og auka líkur á að framfylgja þeim áætlunum sem gerðar eru, skuli allt starfsfólk leikskóla taka þátt í gerð skólanámskrár á grundvelli starfsreynslu, lífsviðhorfa og þekkingar (Aðalnámskrá leikskóla 1999:36).

Skólanámskrá Klettaborgar kom fyrst út árið 2000 og hefur verið endurskoðuð tvisvar, árin 2002 og 2004. Allir starfsmenn leikskólans komu að vinnu við skólanámskrána og telja sig þannig eiga hlut í henni. Í skólanámskrá kemur fram að starfsmenn vilji m.a. stuðla að því í samvinnu við heimilin að börnin verði sjálfstæðir og skapandi einstaklingar sem séu færir um að tjá tilfinningar sínar, taka tillit til og virða skoðanir annarra. Í uppeldis- og menntastarfi Klettaborgar er því megináhersla lögð á *samskipti, skapandi starf og tákni með tali* (Skólanámskrá, 2004:3).

Að mati starfsmanna er skólanámskráin góður leiðarvísir og telja þeir að henni sé fylgt vel eftir. Þeir nefna sem dæmi að á starfsmannafundum sé farið reglulega yfir hvort stefnu og starfsháttum skólanámskrár sé fylgt. Fram kemur hjá leikskólastjóra að skólanámskránni sé haldið á lofti og stöðugt sé verið að ræða og rökstyðja áherslur og skipulag í daglegu starfi og að í starfinu felist að fylgja henni eftir. Starfsmannahandbók er í þróun og er hún m.a. ætluð sem stuðningur við skólanámskrá. Í viðtölum við starfsmenn kom fram það sjónarmið að sú áhersla sem fram kemur í skólanámskrá á samskipti sé ekki nægilega sýnileg eða meðvituð í daglegu starfi. Skerpa þurfi þann þátt með því að ræða um hvað í honum felst, þannig að starfsmenn verði meðvitaðri um á hvern hátt vinna megi markvissar með samskipti.

Dagskipulag

Í skólanámskrá Klettaborgar segir að dagskipulagið sé rammi utan um leikskólastarfið. Tilgangur dagskipulagsins er að veita börnunum ákveðið öryggi þannig að þau viti hvernig hver dagur gengur fyrir sig (Skólanámskrá 2004:3). Dagskipulag eldri deilda leikskólans er eftirfarandi:

- Kl. 07.45 Leikskólinn opnar - frjáls tími
- kl. 08.20 Morgunmatur

- kl. 08.40 Val
- kl. 10.10 Samverustundir
- kl. 10.30 Útívera
- kl. 11.50 Hádegismatur
- kl. 12.30 Hvíldarstund
- kl. 13.00 Útívera
- kl. 14.50 Síðdegishressing
- kl. 15.20 Samverustundir
- kl. 15.40 Val
- kl. 16.45 Frjáls tími
- kl. 17.15 Leikskólinn lokar

Fastir liðir í dagskipulagi Mávakletts eru þeir sömu en tímasetningar aðrar. Vinnustundir á eldri deildum eru fjórum sinnum í viku, tvisvar f.h. og tvisvar e.h. Yngstu börnin fara í vinnustund tvisvar í viku. Í vinnustundum eru börnin í fámennum hópum og unnið er með þau námssvið sem getið er um í aðalnámskrá leikskóla. Hver hópstjóri skipuleggur gróflega hverja vinnustund fyrir fram á þar til gerð eyðublöð og metur svo að henni lokinni hvernig gekk. Skráningarblöð þessi eru sett inn í ákveðna bók sem er aðgengileg öðrum hópstjórum og er þannig hugsuð sem hugmyndabanki fyrir alla hópana. Utan skipulagðra vinnustunda hafa börnin möguleika á frjálsum leik inni og úti. Á hverjum degi er val þar sem börnin velja ákveðin leiksvæði eða viðfangsefni. Að sögn deildarstjóra er valið hugsuð sem umgjörð um frjálsan leik barnanna. Valið fer þannig fram að börnin geta valið sér ákveðin viðfangsefni eins og kubba, hlutverkaleik, sal, púsl og fleira. Í samtölum við leikskólastjóra og deildarstjóra kemur fram að val barnanna er skráð í þar til gerða bók. Markmiðin með skráningunni eru m.a. að fá yfirsýn yfir áhugasvið barnanna og tryggja að öllum börnunum séu gefin jöfn tækifæri til að leika á vinsælustu svæðunum, t.d. í sal. Aðrir fastir liðir í dagskipulagi eru samverustund, söngstund, hádegisverður og hvíld.

Einu sinni í viku er unnið með fjögurra og fimm ára börnunum í Stig af stigi sem er kennsluáætlun sem hefur það að markmiði að efla félags- og tilfinningaþroska barna. Skólahópur starfar einu sinni í viku yfir vetrarmánuðina. Í skólahóp er unnið með elstu börnunum að ákveðnum verkefnum sem hafa það m.a. að markmiði að undirbúa þau undir næsta skólastig. Í þessum stundum er sérstök áhersla lögð á fínhyrningar,

einbeitingu og aga. Einn liður í samstarfi skólastiganna eru gagnkvæmar heimsóknir barna og kennara. Að mati leikskólakennaranna hefur samstarf við grunnskólann verið ágætt og er áhugi á frekara samstarfi. Staðsetning skólanna er þó talin há þessu samstarfi nokkuð þar sem þeir eru staðsettir hvor í sínum bæjarhlutanum.

Í viðtölum við starfsmenn kemur fram almenn ánægja með skipulag og áherslur í starfi leikskólans. Í máli leiðbeinenda kemur fram að þeir telja dagskipulagið nokkuð stíft og hafa áhyggjur af því að sá tími sem börnin hafa fyrir frjálsan leik sé ekki nægur. Að sögn leikskólastjóra eru stjórnendur meðvitaðir um að það eru skiptar skoðanir um dagskipulagið og því sé það stöðugt til umræðu og í ítarlegri skoðun. Helsta styrkleikann varðandi skipulagið telur hann vera hve margt sé ákveðið fyrirfram og að ekki sé hver og einn að vinna eftir sínu höfði. Rök stjórnenda fyrir dagskipulaginu eru þau að það sé hlutverk leikskólans að sinna ákveðnum þáttum og að þetta sé sú leið sem þeir telji að sé best fallin til að ná fram markmiðum aðalnámskrár. Lágt hlutfall fagfólks háir starfinu nokkuð og eykur að hluta til þörfina á meira skipulagi þar sem faglegur grunnur fólks er mismunandi sem þýðir ólíka sýn á starfið og hlutverk leikskólans. Í máli stjórnenda kemur fram að það sé haft að leiðarljósi í allri umræðu og ákvarðanatöku, að það þurfi ekki allir að vera sammála en mikilvægt sé hins vegar að allir séu sáttir.

Daglegt líf

Það sem heyrir m.a. undir daglegar athafnir í leikskóla eru matmálstímar, hreinlæti, hvíld og að klæða sig úr og í. Í skólanámskrá leikskólans er sérstaklega fjallað um þessa þætti. Þar kemur fram að lögð sé áhersla á að börnin tileinki sér góða borðsiði, kurteisi og ákveðna sjálfshjálp, svo sem að skammta sér sjálf mat, undirbúa borðhald og ganga frá eftir sig (Skólanámskrá, 2004). Í athugunum á vettvangi kemur í ljós að vel er staðið að þessum þætti. Börnin skiptast á að undirbúa matmálstímum með því að leggja á borð, sækja matarvagninn í eldhúsið og bjóða til sætis. Lögð er áhersla á að börnin skammta sér sjálf mat og rétti hvert öðru. Ef því verður ekki komið við, t.d. ef aðalrétturinn er mjög heitur, þá ákvarða þau sjálf hve mikið þau vilja. Í matmálstímum fá börnin hnífa og eru þannig hvött til að hjálpa sér sjálf og að temja sér ákveðna borðsiði. Að mati skýrsluhöfunda mætti efla þennan þátt enn frekar með því að hafa fleiri og viðuráðanlegri áhöld, t.d. vatnskönnur og smurhnífa, þannig að þau eigi auðveldara með að auka færni sína á þessu sviði. Að loknum hádegisverði eru rólegar stundir. Þá leggjast börnin á dýnu og hlusta á rólega tónlist eða ævintýri. Í Mávakletti sofna yngstu börnin en þau eldri

hvílast á dýnu. Í fataherbergjum eru börnin hvött til sjálfshjálpar þó rýmið sé ekki mikið eins og að Mávakletti.

Námssvið og námsþættir

Í aðalnámskrá leikskóla (1999:19) kemur fram að námssvið leikskóla séu áhersluþættir í leikskólauppeldi. Námssviðin eru hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Námssviðin skarast og eru samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfs: leik, daglegri umönnun og lífsleikni.

Í viðtölum við deildarstjóra og leiðbeinendur kemur fram að skipulagt starf í tengslum við námssviðin fer fram í vinnustundum. Þannig telja þeir að starfið sé markvissara og að ákveðins jafnvægis sé gætt. Einstök námssvið verði þá ekki ríkjandi á meðan önnur fái minna vægi. Að auki er unnið með námssviðin í daglegu starfi. Í skólanámskrá kemur fram að lögð sé áhersla á að flétta málrækt inn í sem flesta þætti leikskólastarfsins, svo sem í samveru- og söngstundum, vinnustundum og í öðrum daglegum athöfnum. Ritmál er gert sýnilegt með því að merkja verk barnanna og hluti í umhverfinu, *tákn með tali* er einnig notað í daglegum samskiptum. Í Klettaborg er áhersla á skapandi starf í tónlist og myndlist. Í tónlist er lögð áhersla á söng, hreyfingu, hlustun og leik með hljóðgjafa. Gítar er á hverri deild, sungið er í samverustundum og sameiginlegum söngstundum. Í Mávakletti er mikið sungið og sérstök áhersla er lögð á að tengja tákn með tali og söng. Í myndlist er megin áhersla á frjálsa og skapandi myndlist.

Fram kemur að áhersla er lögð á að börnin kynnist smátt og smátt því samfélagi sem þau alast upp í og tilheyrja. Farið er í styttri skoðunarferðir um nánasta umhverfi leikskólans og skipulagðar sveita- og fjöruferðir. Þar sem leikskólinn er í útjaðri bæjarins eru heimsóknir í þjónustu- og menningarstofnanir ekki eins tíðar og æskilegt væri. Í skólanámskrá kemur fram að í leikskólstarfinu er unnið með ýmsa þætti sem tengjast menningu samfélagsins og eru hluti af menningu leikskólans. Má þar nefna dagskrá í samvinnu við dvalarheimili aldraðra í tilefni af Degi íslenskrar tungu, jólaundirbúning, þorrablót, leiksýningar, bollu-, sprengi- og öskudagsgleði. Einnig eru afmælis dagar barnanna haldnir hátíðlegir.

Sérþarfir barna

Tólf börn eru með skilgreinda þörf fyrir sérkennslu í leikskólanum. Ástæða sérkennslu er einkum seinkun málþroska, athyglisbrestur og röskun á einhverfurófi. Stöðugildi vegna sérkennslu eru 3,38 fyrir utan umsjón. Skipulag sérkennslu er mótað af aðstoðarleikskólustjóra (sérkennslustjóra) sem hefur jafnframt umsjón með þeim börnum sem njóta sérkennslu. Hann gerir einstaklingsnámskrá og vikuáætlun fyrir hvert barn í samráði við deildarstjóra á hverri deild. Sérkennslustjóri sér einnig um samskipti við þá aðila sem koma að greiningu og vinnu með einstökum börnum svo sem sálfræðing, talmeinafræðing, leikskólaráðgjafa og fulltrúa heilsugæslu. Sérkennslustjóri er einnig í góðum tengslum við foreldra barnanna og sér ásamt deildarstjóra viðkomandi deildar um samskipti og samvinnu við foreldra. Lögð er áhersla á að börnin séu sem mest inni á sinni deild og að allir starfsmenn beri ábyrgð á að fylgja áætlunum eftir. Mikil áhersla er lögð á að starfsmenn séu meðvitaðir um hvað gert er í daglegu starfi og hvernig það tengist markmiðum í vinnu með einstök börn. Í einstaka tilfellum eru börnin tekin út úr hópnum en þá í stuttan tíma. Talmeinafræðingur kemur einu sinni í viku yfir veturinn og leikskólaráðgjafi kemur einu sinni í mánuði. Fram kemur að mikil ánægja er með þennan þátt og telja stjórnendur að það sé mikill stuðningur í því að geta ráðfært sig við utanaðkomandi aðila, bæði um einstök börn og starfið í heild. Þau matstæki sem einkum eru notuð til að meta einstök börn eru Hljóm, sem notað er með fimm ára börnum, Íslenski þroskalistinn og Kune Beller's þroskalistinn. Skýrsluhöfundar ræddu við foreldri barns sem þarf á sérstuðningi að halda. Fram kom að foreldri sækir reglulega fundi og telur að þessum þætti sé mjög vel sinnt.

Mat á leikskólastarfinu

Í reglugerð um starfsemi leikskóla (225/1995) segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan hans. Í skriflegum gögnum og í viðtali við stjórnendur kemur fram að formlegt innra mat fór fyrst fram árið 2001 og er það áætlað annað hvert ár. Notast er við ECERS kvarðann sem samanstendur af sex þáttum sem innihalda hver um sig ákveðin atriði sem metin eru eftir sjö stiga kvarða. Eftirfarandi þættir eru metnir: *rými og búnaður, umönnun og daglegt líf, mál og bugtakanám, leikur og önnur viðfangsefni, samskipti og skipulag, starfsmenn og foreldrar*. Í framhaldi af matinu eru niðurstöður kynntar í fréttabréfi til foreldra og í fræðslunefnd, þær ræddar í starfsmannahópnum og ákvarðanir teknar um það hvernig bæta megi leikskólastarfið. Viðhorfskönnun á meðal foreldra er áætluð annað hvert ár og

var í fyrsta skipti framkvæmd árið 1999. Áætlað er að innra mat og viðhorfskönnun á meðal foreldra sé framkvæmt á víxl annað hvert ár. Á deildar- og starfsmannafundum er reglulega rætt um innra starf leikskólans. Leikskólastjóri tekur árlega viðtöl við alla starfsmenn og samráðsfundir eru með leikskólaráðgjafa, sálfræðingi og öðrum sem koma að starfi með þeim börnum sem þurfa sérstuðning.

Samantekt og mat

Í skólanámskrá Klettaborgar kemur fram að megin áherslur leikskólans tengjast *samskiptum, skapandi starfi og tákni með tali*. Auk þess er *frjáls leikur* nefndur sem mikilvægasta námsleið barnsins. Í viðtölum við stjórnendur, starfsmenn og foreldra kemur fram ánægja með áherslur og leiðir í starfi leikskólans. Í máli leiðbeinenda kemur fram að meiri sveigjanleiki mætti vera í dagskipulagi leikskólans. Skýrsluhöfundar geta tekið undir að dagskipulag sé nokkuð stíft og því sé mikilvægt að gæta jafnvægis á milli skipulagðra stunda og frjáls leiks. Um leið telja þeir einnig ástæðu til að taka undir sjónarmið stjórnenda um að faglegar forsendur starfsmannahópsins séu þannig að nauðsynlegt sé að hafa nokkuð stýrt og ákveðið skipulag. Það er mat skýrsluhöfunda að starfsmönnum takist að skapa umhverfi sem styður við samskipti og frjálsan leik barnanna.

Í máli starfsmanna kom fram að þeir leggja áherslu á og eru meðvitaðir um að börnin hafi frjálsar hendur um það hvað þau vilji skapa og hvernig. Á meðan á heimsóknum skýrsluhöfunda í leikskólann stóð var listsköpun ekki í gangi þar sem verið var að taka nýja aðstöðu í notkun. Markvisst er unnið með námssviðin og tákni með tali í daglegu starfi. Þá er það mat skýrsluhöfunda að mjög vel og markvisst sé unnið að því að skrá og meta leikskólastarfið og niðurstöður nýttar til að þróa og bæta starfshætti. Við næstu endurskoðun á skólanámskrá er þó mikilvægt að setja fram á skýrari hátt markmið og leiðir í leikskólastarfinu, til þess að ófaglærðir starfsmenn og foreldrar sjái betur tilgang starfsins.

Af viðtölum við starfsmenn, vettvangsathugunum og þeim skráðu gögnum sem skoðuð hafa verið má ráða að í uppeldis- og menntastarfinu sé þeim áherslum sem fram koma í aðalnámskrá leikskóla mjög vel sinnt.

Samskipti, samstarf og starfsandi

Skýrsluhöfundar leituðu eftir upplýsingum um samstarf og samskipti í viðtölum við starfsmenn ásamt því að fylgjast með samskiptum á vettvangi. Hér á eftir verður vikið að samskiptum í starfsmannahópnum, samskiptum fullorðinna og barna og samskiptum í barnahópnum.

Samskipti milli starfsmanna

Starfsmenn eru almennt sammála um að góð samvinna og starfsandi séu ríkjandi í leikskólanum. Þeir segjast ánægðir með starfssvið sitt og þau verkefni sem þeim séu falin. Fram kemur að óhjákvæmilega séu starfsmenn á Mávakletti svolítið sér sökum fjarlægðar á milli deildanna, en þeir telja þó að reynt sé eins og hægt er að tengja fólk saman t.d. með reglulegum starfsmannaskiptum og heimsóknum. Þannig fæst að þeirra mati gagnkvæm innsýn í starfsemi deildanna og starfsmenn kynnast betur. Starfsmönnum finnst að ákveðin virðing og tillitssemi sé höfð að leiðarljósi og að það sem skipti mestu sé að allir stefni að sama markmiði og hafi sameiginlega sýn á starfið.

Samskipti barna og starfsmanna

Í viðtölum við starfsmenn kemur fram að þeim finnst samskipti vera mikilvægur þáttur í starfinu og að skipulag starfsins eigi að taka mið af börnunum. Þeim finnst mikilvægt að börnin læri umgengni hvert við annað, beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, líði vel og eigi ánægjulegar minningar úr leikskólanum. Fram kemur að mikilvægt sé að leggja áherslu á gagnkvæma virðingu og sem liður í því sé kennsluefnið Stig af stigi notað. Á meðan á vali barnanna stendur skipta starfsmenn sér á leiksvæði barnanna og eru til staðar þegar þau eru að leik. Samskipti starfsmanna við börnin einkennast af virðingu og áhuga á því sem þau eru að fást við hverju sinni. Starfsmenn eru til staðar í leik barnanna, veita þeim athygli að fyrra bragði, grípa inn í samskipti eða aðstoða ef þess gerist þörf. Í matartímum sitja þeir til borðs með börnunum, taka þátt í samræðum þeirra, hvetja þau og aðstoða eftir þörfum.

Samskipti barna

Í viðtölum við starfsmenn kemur fram að þeir telja mikilvægt að efla samskipti og félagslega færni barnanna. Þann tíma sem skýrsluhöfundar voru á ferð mátti sjá börnin ýmist í skipulögðu starfi eða frjálsum leik. Leikgleði ríkti á meðal barnanna og ekki varð annað séð en að samskiptin á milli þeirra gengju vel. Í frjálsum leik barnanna mátti m.a.

sjá þau að leik með kubba, með drusluföt í hlutverkaleik á meðan önnur völdu að vera í rólegum leik og/eða samræðum þegar þau sátu við borð með púsl og perlur. Á tveimur af fjórum deildum var meira um að börnin væru að leik á gólfinu t.d. með kubba, bíla eða dýr, eða að þau fengu teppi til að breiða yfir borðin svo úr varð hús. Þannig er, að mati skýrsluhöfunda, komið til móts við hreyfipörf barnanna og ýtt undir ákveðinn hreyfanleika í leik þeirra. Mikilvægt er að huga að skipulagi húsnæðis með þetta í huga. Hjá foreldrum kom fram að þeir teldu að börnunum liði vel, þau væru virk og að þeim væri vel sinnt.

Samstarf og samskipti við umhverfi skólans

Þeir þættir sem aðallega var horft til í tengslum við samstarf og samskipti við umhverfi leikskólans voru samskipti við foreldra barnanna og aðila utan leikskólans. Skýrsluhöfundar leituðu upplýsinga um markmið og leiðir í foreldrasamstarfinu í viðtölum við fulltrúa foreldra, við leikskólastjóra og alla starfsmenn leikskólans. Einnig var stuðst við rituð gögn eins og skólanámskrá, kynningarbréf til nýrra foreldra, fréttabréf, niðurstöður viðhorfskönnunar á meðal foreldra og starfsmannahandbók.

Samstarf við foreldra

Í Skólanámskrá kemur fram að góð samvinna og gagnkvæmt traust milli foreldra og leikskóla sé mikilvæg undirstaða árangursríks leikskólastarfs (Leikskólinn Klettaborg, skólanámskrá, 2004). Áður en leikskóladvöl barns hefst fá foreldrar sent bréf þar sem foreldrar og barn eru boðin velkomin í leikskólann. Í bréfinu kemur fram á hvaða deild barnið kemur til með að vera og hvernig aðlögun verður háttað.

Almennt er foreldrasamstarfið talið gott og samskiptin jákvæð. Samstarfið fer einkum fram í daglegum samskiptum en einnig í skipulögðu starfi s.s. á foreldrafundum, í opnu húsi, í einkaviðtölum og með útgáfu fréttabréfa. Í fataherbergjum eru hengdar upp ýmsar upplýsingar ætlaðar foreldrum. Þar eru myndir af starfsmönnum og börnum deildarinnar, leikskólastjóra og starfsmönnum í eldhúsi. Einnig eru þar upplýsingar um hópaskiptingu barnanna (myndrænt) ásamt markmiðum með þessum stundum og hvað gert var í vinnustund hvers hóps þann daginn. Í viðtali við leikskólastjóra og foreldra kemur fram að foreldrar hafa ekki formleg áhrif á mótun eða skipulagningu leikskólastarfsins. Foreldrafélag er starfrækt og fékk stjórn þess skólanámskrá leikskólans til yfirlestrar og

umsagnar fyrst þegar hún var gefin út. Viðhorfsskönnun hefur verið lögð fyrir foreldra annað hvert ár. Í niðurstöðum síðustu könnunar (2003) má sjá að foreldrar eru mjög ánægðir með starfsemi leikskólans. Starfsmenn meta það svo að samstarf við foreldra sé almennt gott. Lögð er áhersla á að taka vel á móti foreldrum og barni í upphafi dags ásamt því að vera til staðar þegar barnið er sótt.

Viðhorf foreldra

Í viðtölum við fulltrúa foreldra kemur fram mikil ánægja og jákvætt viðhorf til leikskólastarfsins. Þeir telja sig þekkja vel það starf sem fram fer í leikskólanum og eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsmanna. Starfsmenn leggi sig fram í daglegum samskiptum og auðvelt sé að nálgast upplýsingar um barnið. Helstu kosti leikskólans telja þeir vera hve allt skipulag er sjónrænt og því auðvelt fyrir börnin að fara eftir því. Foreldrum finnst að börnunum líði vel og hafa tilfinningu fyrir því að ekkert barn sé útundan. Þá finnst þeim áherslan á tákni með tali mjög jákvæð og sýnileg í daglegu starfi. Fram kemur að foreldrar telja sig eiga mjög greiðan aðgang að upplýsingum og að öll skráning sé til fyrirmyndar. Í áðurnefndri viðhorfsskönnun kemur fram að foreldrar nálgast helst upplýsingar um barnið í gegnum dagleg samskipti, í foreldraviðtölum og á upplýsingatöflu í fataherbergi. Í viðtölum við foreldra kemur fram að sérstök ánægja er með heimasíðu leikskólans og upplýsingar um vinnustundir í fataherbergjum. Foreldrar telja þessar upplýsingar styðja við og vera mikilvægan lið í samræðum sínum við börnin að loknum leikskóladegi. Þær breytingar sem foreldrar vilja helst sjá í leikskólastarfinu er meiri áhersla á að örva málþroska og stærðfræði. Einnig var nefnt að stundum mættu börnin vera meira úti og að starfsmenn væru meira með börnunum í leikjum eða öðru sem krefðist meiri hreyfingar í útiveru. Þá nefna foreldrar það sem ókost að þeir skuli ekki hafa val um sumarleyfistíma þar sem leikskólinn sé lokaður í júlímánuði. Fjölskyldur sem búa í sveitunum í kringum Borgarnes, sækja alla þjónustu þangað og þar á meðal leikskólavöl fyrir börn sín. Fram kemur að sveitarfélaginu ber ekki skylda til að tryggja börnunum akstur í leikskóla líkt og í grunnskóla. Að meðaltali hafa þetta verið tvö til þrjú börn á ári og þykir miður að leikskólábörn skuli ekki hafa sama rétt og þau börn sem þurfa að sækja grunnskóla í Borgarnes.

Foreldrafélag Klettaborgar hefur verið starfrækt frá 1989. Markmið félagsins er einkum að stuðla að samvinnu foreldra og starfsmanna, um starfsemi og aðbúnað leikskólans, með hagsmuni barna að leiðarljósi. Foreldrafélagið styður við leikskólastarfið með ýmsu

móti t.d. með því að taka þátt í kostnaði við leiksýningar, standa fyrir opnu húsi í desember og grillveislu að vori svo eitthvað sé nefnt. Einnig hefur félagið staðið fyrir fræðslufundum fyrir foreldra auk þess sem það á áheyrnarfulltrúa í fræðslunefnd Borgarbyggðar.

Aðrir samstarfsaðilar

Leikskólinn er í samstarfi við heilsugæsluna í Borgarnesi og sálfræðing á félagsþjónustusviði. Einu sinni í mánuði kemur leikskólaráðgjafi frá Reykjavík og er þá ýmist til ráðgjafar vegna einstakra barna, starfi deilda eða almennu starfi leikskólans. Þjónusta og ráðgjöf talmeinafræðings er einnig fengin úr Reykjavík. Fram kemur mikil ánægja hjá stjórnendum leikskólans með þá ráðgjöf og þann stuðning sem þessir aðilar veita. Að þeirra mati er mjög brýnt að ráða leikskólafulltrúa sem hefði umsjón með og veitti ráðgjöf til leikskóla í sveitarfélaginu. Aðrir samstarfsaðilar eru grunnskólinn, bókasafnið og ýmsar stofnanir í bæjarfélaginu, þá helst í tengslum við heimsóknir og verkefni elstu barnanna. Þá á leikskólastjóri í óformlegu samstarfi við aðra leikskólastjóra í Borgarbyggð. Næsti yfirmaður leikskólastjóra er forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs en fræðslunefnd Borgarbyggðar fer með málefni leikskólans. Leikskólastjóri, fulltrúi starfsmanna og fulltrúi foreldra sitja fundi fræðslunefndar þegar leikskólamál eru til umfjöllunar.

Samantekt og mat

Í viðtölum við foreldra, starfsmenn leikskólans og niðurstöðum viðhorfskönnunar á meðal foreldra kemur fram mikil ánægja með samskipti og samvinnu starfsmanna og foreldra. Lögð er áhersla á að upplýsa foreldra um leikskólastarfið í gegnum dagleg samskipti, upplýsingatöflur í fataherbergjum, foreldraviðtöl, fréttabréf og heimasíðu leikskólans. Foreldrar telja sig eiga mjög greiðan aðgang að upplýsingum um leikskólastarfið. Annað hvert ár er kannað viðhorf foreldra til leikskólastarfsins en að öðru leyti koma þeir ekki með formlegum hætti að mótun eða skipulagningu leikskólastarfsins. Mikil ánægja er með ráðgjöf talmeinafræðings og leikskólaráðgjafa og telja stjórnendur brýnt að ráða leikskólafulltrúa sem hefði það hlutverk að veita ráðgjöf til leikskóla í sveitarfélaginu.

Framtíðarsýn

Í samtali við leikskólastjóra kemur fram að mikil þróun hefur orðið á starfi Klettaborgar síðastliðin tíu ár. Framtíðarsýn leikskólastjóra er bundin við enn frekari þróun á starfinu og að með auknu hlutfalli leikskólakennara gefist tækifæri til að vinna að ákveðnu og afmörkuðu þróunarverkefni. Eins og málum er nú háttað eru margir starfsmenn í leikskólakennaranámi og eru því ákveðnar væntingar bundnar við fjölgun fagfólks í nánustu framtíð. Ljóst er að leikskólastjóri miðar stjórnun og skipulag starfsins við þann mannauð sem nú er til staðar. Fram kemur að í framtíðinni sé æskilegt að hafa stöðu aðstoðarleikskólastjóra og umsjón með sérkennslu aðskildar en sökum tímabundins skorts á fagfólki sé nauðsynlegt að hafa fyrirkomulagið svona. Það sama á við um daglegt skipulag eins og fram kom í umfjöllun hér að framan (bls.16). Sýn leikskólastjórans er skýr og einkennist af metnaði og trú á að þær áherslur sem verið er að fylgja í leikskólastarfinu séu liður í því að þróa og bæta starfið.

Samantekt

Í þessari skýrslu hefur verið leitast við að varpa ljósi á starfshætti í leikskólanum Klettaborg í Borgarnesi. Athyglinni var fyrst og fremst beint að því hvort starfsemin væri í samræmi við ákvæði laga, reglugerðar og aðalnámskrá leikskóla. Aflað var upplýsinga með viðtölum við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra, deildarstjóra, starfsmenn og fulltrúa foreldra. Skýrsluhöfundar fylgdust einnig með starfinu á vettvangi og greindu skráð gögn um leikskólastarfið.

Þegar matsniðurstöður eru skoðaðar kemur í ljós að leikskólinn uppfyllir í meginatriðum þau ákvæði sem fram koma í þeim viðmiðum sem lögð eru til grundvallar. Þetta á við um aðstöðu og búnað leikskólans að Borgarbraut. Fjölda barna og skiptingu á deildir, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og við aðila utan hans. Meginkostir leikskólans felast í stjórnun hans, öflugri skráningu og upplýsingamiðlun ásamt markvissu uppeldis- og menntastarfi. Helstu veikleika má telja lágt hlutfall fagmenntaðs fólks, húsnaði yngstu deildarinnar að Mávakletti og aðstöðu starfsmanna þar. Af niðurstöðum matsins má ráða að mjög vel er staðið að mörgum þáttum í starfi og stjórnun leikskólans. Þar ríkir góður starfsandi og starfsmenn hafa náð að byggja upp jákvæð samskipti sín á milli, milli barnanna, við börnin og foreldra þeirra. Foreldrar eru einnig mjög ánægðir

með samstarf og áherslur í leikskólastarfinu. Markvisst er unnið að því að skrá og meta leikskólastarfið og niðurstöður nýttar til að þróa og bæta starfshætti. Í skólanámskrá þarf þó að setja fram á aðgengilegri hátt markmið og leiðir í leikskólastarfinu í þeim tilgangi að gera áherslur skýrari fyrir leiðbeinendum og foreldrum.

Það er von skýrsluhöfunda að niðurstöður mats þessa, bæði það sem dregið hefur verið fram sem kostir leikskólans en einnig það sem betur mætti fara, nýtist til frekari uppbyggingar í starfsemi leikskólans. Hér á eftir verða dregnir fram helstu styrkleikar og veikleikar í starfi leikskólans.

Til styrkleika í starfinu má helst nefna:

- Skýr stjórnun og öflug upplýsingamiðlun.
- Starfsmenn og foreldrar bera mikið traust til leikskólastjóra.
- Fram fer regluleg skráning og mat á starfi leikskólans.
- Áhrif og ábyrgð starfsmanna við skipulag og þróun leikskólastarfsins er tryggð.
- Faglegar áherslur og skipulag sérkennslu er í góðum farvegi.
- Foreldrar eru ánægðir, telja að börnunum líði vel og að upplýsingamiðlun sé til fyrirmyndar.
- Aðstöðu og búnað að Borgarbraut.

Til veikleika í starfinu má helst nefna:

- Aðstaða starfsmanna að Mávakletti er slæm og fullnægir ekki kröfum Vinnueftirlits.
- Lágur hlutfall starfsmanna með leikskólakennaramenntun.
- Sami aðili gegnir stöðu aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra.
- Innritun og umsjón með biðlista í leikskólann er í höndum leikskólastjóra.

Ábendingar um ytri þætti:

- Húsnæði Mávakletts getur ekki talist fullnægjandi fyrir leikskólastarf.
- Útileiksvæði að Mávakletti er lítið og felur ekki í sér nægilega ögrun fyrir eldri börn. Frárennsli lóðar er slæmt.
- Aðkoma að Mávakletti er ófullnægjandi með tilliti til umferðar og bílastæða.
- Bílastæði og aðkoma að Borgarbraut skapar slyshættu og þarfnast skipulagningar.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá leikskóla.* 1999. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.
- Bros- fréttabréf.* Nóvember 2004. Leikskólinn Klettaborg.
- Fréttaskot.* Júní 2004. Leikskólinn Klettaborg.
- Kjarasamningur Félags leikskólakennara og launanevndar sveitarfélaga 2002. *Starfslýsingar leikskólakennara.*
- Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980.*
- Niðurstöður úr viðhorfskönnun á meðal foreldra.* Október 2003.
- Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.* Reykjavík, menntamálaráðuneytið.
- Reglugerð nr. 365/2001 um breytingu á reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.* Reykjavík, menntamálaráðuneytið.
- Reglur um búsnæði vinnustaða nr 581/1995.*
- Símenntunaráætlun fyrir árið 2004.*
- Skólanámskrá.* 3. útg. 2004. Leikskólinn Klettaborg.
- Skýrsla um endurmat fyrir veturinn 2003-2004.* Júní 2004.
- Skýrsla um innra mat.* Desember 2001.
- Skýrsla um innra mat.* Janúar 2005.
- Starfsáætlun fyrir árið 2005.*
- Starfsmannahandbók [án árt.].*
- Starfsmannakönnun.* Niðurstöður, nóvember 2003.
- Starfsreglur (lög) foreldrafélags leikskólans Klettaborgar.* Október 1999.
- Önnur gögn:*
- Dagskipulag Klettaborgar.
- Listi yfir dvalartíma barna.
- Kynning á foreldrafélagi leikskólans Klettaborgar.

Fylgiskjal

Viðtalsrammi fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

Fá almennar upplýsingar um leikskólann og samstarfsaðila. Fá útskýringar á skipuriti?

- Hvert er starfshlutfall leikskólastjóra og hver eru meginverkefni?
- Hvað starfa margir við leikskólann (fjöldi og stöðugildi, menntun) stöðuhlutföll, skipting á deildir?
- Starfsmannaveltan - eru tíðar breytingar?

Hver eru meginmarkmið leikskólastarfsins?

- Skólanámskrá – hvernig var hún unnin eða endurskoðuð?
- Hver skipuleggur uppeldisstarfið á deildunum?
- Hvernig er starfið undirbúið? Hverjir koma að ákvörðunum?
- Hvernig er samskiptum leikskólastjóra og starfsmanna háttað?
- Hversu oft eru deildarstjórafundir haldnir?
- Hversu oft eru deildarfundir haldnir?
- Eru tekin starfsmannaviðtöl (hver, hvenær, hversu oft)?
- Hvernig er samskiptum starfsmanna og foreldra háttað?
- Hverjir eru helstu samstarfsaðilar utan skólans og hvernig er samstarfi við þá háttað?

Hverjir eru helstu styrkleikar í leikskólastarfinu/helstu veikleikarnir. T.d. fyrir eftirfarandi þætti:

- Foreldrasamstarf
- Dagskipulag
- Heildarskipulagið
- Uppeldisstarfið
- Dvalartíma barna, lengd og álagstímar
- Stjórnunarstíl og samstarf

Viðtalsrammi fyrir deildarstjóra

Menntun - formleg - námskeið. Vinnutími deildarstjóra - mönnun í leikskólanum. Hversu lengi unnið í leikskólanum.

- Hversu oft eru deildarstjórafundir og hvernig er venjuleg dagskrá þeirra?
- Hversu oft haldið þið deildarfundir/hvernig er skipulag þeirra?
- Hvernig skipuleggið þið uppeldis- og menntastarfið með börnunum?
- Hvaða skipulagi er fylgt (innra starf og ytri rammi) með yngri /eldri börnunum?

Skólanámskrá – hverjir komu að þeirri vinnu – hvernig gekk sú vinna?

- Getið þið nefnt dæmi um það hvernig unnið er með námssviðin?
- Er einhver sérstaða í tengslum við námssviðin?
- Hver eru markmiðin með vali?
- Hvernig er hópastarfið skipulagt/hvað er í boði? Áherslur/markmið eldri /yngri börn?
- Hvernig er unnið með megináherslurnar; samskipti, skapandi starf og tákni með tali?
 - að því að virkja sköpunargleði barnanna?
 - að því stuðla að jákvæðum upplifunum hjá börnunum?
 - að því efla félagslega færni barnanna?

Í skólanámskrá leikskólans kemur fram að leikurinn sé mikilvæg námsleið – hvernig birtist það í starfi/skipulagi leikskólans?

Hverjar er áherslur í frjálsum leik barnanna?

- umhverfi - tími – skipulag – efniviður ?

Hvaða árangri viljið þið helst ná með börnunum?

- Hvaða uppeldis- og menntunarbættir eru mikilvægastir á ykkar deild/hvers vegna?
 - Hvaða áhrif hefur dagskipulagið á uppeldis- og menntastarfið?
 - Fjöldi barna með sérþarfir?
 - Hvernig er unnið með einstaklingsmun barnanna?
-
- Hvernig nýtið þið hæfni samstarfsfólksins á deildinni?
 - Hvernig skipuleggið þið foreldrasamstarfið á deildinni?
 - Hvernig finnst ykkur leikskólinn vera m.t.t. upplýsingamiðlunar t.d. um:
 - markmið leikskólans?
 - skipulag og þróun?
 - tengsla á milli yfir og undirmanna / tengsla á milli starfsmanna almennt?

- Hvaða tilfinningu hafið þið fyrir vinnuumhverfinu hvað varðar gagnkvæma virðingu, tillitssemi og vinnugleði?
- Hvað finnst ykkur um samskipti og samvinnu við samstarfsfólk, stjórnendur og foreldra?

Viðtalsrammi fyrir leiðbeinendur

Menntun s.s. fjöldi námskeiða - vinnutími / hvort stöðugleiki sé í starfinu?

Samskipti, samstarf og starfsandi:

- Er ykkur ljóst hvaða væntingar og kröfur eru gerðar til ykkar í starfi?
- Hversu ánægð eruð þið með starfssvið ykkar og verkefni?
- Hvernig finnst ykkur leikskólinn vera m.t.t. upplýsingamiðlunar t.d. um:
 - markmið leikskólans?
 - skipulag og þróun?
 - tengsla á milli yfir og undirmanna?
 - tengsla á milli starfsmanna almennt?
- Hvaða tilfinningu hafið þið fyrir vinnuumhverfinu hvað varðar gagnkvæma virðingu, tillitssemi og vinnugleði?
- Hvað finnst ykkur um samskipti og samvinnu við samstarfsfólk, stjórnendur og foreldra?

Daglegt starf – áherslur í leikskólastarfinu:

- Hafið þið lesið/kynnt kynnt ykkur skólanámskrána?
 - Komuð þið að gerð hennar?
 - Hvernig finnst ykkur skólanámskráin nýtast ykkur í starfi?
- Í skólanámskrá koma fram megináherslur í starfi Klettaborgar: samskipti, skapandi starf og tákni með tali. Hvernig er unnið með þessa þætti? Hvað er gert til að :
 - virkja sköpunargleði barnanna?
 - til að stuðla að jákvæðum upplifunum hjá börnunum?
 - að efla samskipti og félagslega færni barnanna?
 - Hvaða áhrif hefur dagskipulagið á uppeldis- og menntunarstarfið á deildinni?
 - Hvernig er unnið með þau námssvið sem nefnd eru í aðalnámskrá leikskóla?
 - ath. áherslur yngri/eldri börn.
- Hvað er gert í hópastarfi: Hverjar eru áherslurnar/markmið þar?
- Hvað með áherslur í frjálsum leik barnanna: Umhverfi - tími – skipulag – efniviður?
- Hvaða árangri viljið þið helst ná með börnunum?
- Hverjir eru möguleikar ykkar til að hafa áhrif á starfið?

Viðtalsrammi fyrir foreldra

Samstarf foreldra?

- í hverju er það fólgið - markmið foreldrafélagsins?
- þátttaka foreldra í starfi á vegum félagsins?

Uppeldis-og menntastarfið í leikskólanum?

- hafið þið kynnt ykkur skólanámskrá leikskólans? (ef nei, hefur hún verið kynnt fyrir ykkur eða hafið þið aðgang að henni?)
- komu foreldrar að einhverju leyti að gerð hennar?
- hvað finnst ykkur vera mikilvægar áherslur (viljið þið sjá) í uppeldis- og menntastarfinu með börnunum?
- hafa foreldrar möguleika á að hafa áhrif á skipulag og mat á starfinu með börnunum?
- hvað finnst ykkur um það leikefni sem börnunum stendur til boða?

Dagleg samskipti og samstarf við starfsfólk?

- er auðvelt að fá upplýsingar um líðan og hagi barnsins í leikskólanum?
- hvernig fáid þið upplýsingar um daglegt starf? (ath. upplýsingatöflur)
- ef þið ættuð að nefna helstu styrkleika leikskólans- hverjir væru þeir - veikleikar?

Ef ekkert kemur fram um húsnæðið, þá:

- Hvað finnst ykkur um húsnæði leikskólans/lóð?